

BORGARRÁÐ 9. janúar 2020: Fyrirspurn áheyrnarfulltrúa Flokks fólksins um verkefni hundaeftirlitsins og hundaftirlitsmanna í Reykjavík árin 2018 og 2019 - R20010132

Fyrirspurnir Flokks fólksins um Hundaftirlitið og störf hundaftirlitsmanna. Hundaftirlit er eitt af þeim verkefnum sem Heilbrigðiseftirlit Reykjavíkur ber ábyrgð á og felst það í framfylgd ákvæða hundsamþykktarinnar. Óskað er upplýsinga um umfang, fjölda einstakra verkefna sem Hundaftirlitið sinnti árið 2018 og 2019. Óskað er eftirfarandi upplýsinga um Hundaftirlitið, Hundaftirlitsmann og verkefni hans: Beðið er um að fá tímaskýrslur Hundaftirlitsmanna fyrir árið 2018 og 2019. Spurt er hvort aukin rafræn samskipti hafi dregið úr og breytt umfangi starfs hundaftirlitsmanns. Ef svo er hvernig þá, með hvaða hætti og í hvað miklum mæli? Ástæða spurningarinnar er sú að með tilkomu netsins hefur almenningur tekið við mörgum verkefnum eins og að koma týndum/fundnum hundum til síns heima. Hefur verið gerð óhád úttekt á á fjármálum Hundaftirlitsins t.d. af innri endurskoðanda? Hvar er Hundaftirlitið til húsa, hver á húsnæðið og hver er leigan? Í ljósi þess að kvartað hefur verið yfir hundaleyfisgjaldi Reykjavíkurborgar og það jafnvel talið vera hærra en nemi þeim kostnaði sem borgin hefur af hundahaldi er spurt um hér um í hvað Hundaftirlitsgjöldin fara? Óskað er eftir sundurliðun fyrir árið 2018 og 2019 ? Hundaftirlitið hefur fræðsluskyldu. Hvernig er þeirri fræðslu háttað til hundaeigenda?